

Viljayfirlýsing um sameiningu Njarðvíkur- og Ytri-Njarðvíkursóknna

Sóknarnefndir Njarðvíkursóknar og Ytri-Njarðvíkursóknar gera með sér svohljóðandi viljayfirlýsingu um sameiningu sóknanna með fyrirvara um umsögn almennra safnaðarfunda sóknanna sem fram fari í janúar/febrúar 2023 og umsögn héraðsfundar Kjalarnessprófassdæmis fyrir árið 2023.

1. Sóknirnar sameinist 30. nóvember, 2023.
2. Heiti sameinaðrar sóknar verður Njarðvíkursókn og sóknarkirkjan verður Njarðvíkurkirkja.
3. Ytri-Njarðvíkurkirkja verður ekki sóknarkirkja sbr. 2. gr. en eftir sem áður helgað Guðshús og nýtist áfram fyrir guðsþjónustur, annað helgihald og athafnir, s.s. skírn, fermingar, hjónavígslu, kistulagningu, útfarir ofl. Skrifstofuaðstaða fyrir presta og annað starfsfólk verður áfram í Ytri-Njarðvíkurkirkju þar til annað verður ákveðið.
4. Sameiningin hefur ekki áhrif á kirkjuleg þjónusta eða helgihaldi í sameinaðri sókn og verður óbreyttu sniði í báðum kirkjum eins og verið hefur.
5. Íbúatala nýrrar sóknar er 12.384 m.v tölur 1. desember 2022 og þjóðkirkjufólk er 6042.
6. Við sameiningu sóknanna sameinast eignir þeirra og skuldir og sameinuð sókn tekur við þeim réttindum og skyldum sem hvor sókn um sig hafði áður gagnvart hvorri kirkju fyrir sig. Viðhald kirkjuhúsanna verður samkvæmt áætlunum og áfram er stefnt að stækkun safnaðarheimilis Njarðvíkurkirkju. Samkvæmt 12. gr. starfsreglna um söfnuði og sóknarnefndir nr. 16/2021-2022 getur sóknarnefnd skipað nefndir úr sínum hópi eða utan hans til að fjalla um einstök málefni, s.s. kirkjunefnd.
7. Einn kirkjugarður er fyrir báðar sóknirnar sem er við Njarðvíkurkirkju og verður svo áfram fyrir sameinaða sókn.
8. Samkvæmt 6. gr. starfsreglna um söfnuði og sóknarnefndir nr. 16/2021-2022 skulu sóknarnefndarmenn vera níu í sameinaðri sókn, sem verður kosin á aðalsafnaðarfundi nýrrar sóknar ásamt jafnmörgum varamönnum.

Undirritun

Reykjanesbar 1. desember 2022

Silja Dóttir Gunnarsdóttir
Stefanía Hákonardóttir
Guðm. Þóð
Cudrin Pálsdóttir
Loffia H. Magnúsdóttir
Linda P. Þóð
Rebecca Sigr. Sardoelli
Guðrún Agnes Þóðsdóttir
Stefán Ingimúndur
Jónína Elthermann sd.

- Minnisblað

Ávinningurinn af sameiningu sókna

Sameiningin stuðlar að aukinn skilvirkni, einfaldari verkferlum og minnkar flækjustig. Söfnuðirnir hafa sameiginlegan rekstur og kostnað, s.s. vegna barna-, kóra- og safnaðarstarfs og launakostnaðar.

Með sameiningunni verður rekstur, kostnaður og tekjur á sömu hendi, þ.e. kennitölu og sóknarnefnd. Það eykur yfirsýn, einfaldarar boðleiðir og gerir allar ákvarðantökur auðveldari og hægt að bregast hratt og vel við þegar svo á við. Það leiðir til aukins slagkrafts, öflugra safnaðarstarfs og helgihalds, einnig til betri starfsaðstæðna fyrir presta, starfsfólk safnaðarins og sóknarnefndarfólk. Þá hefur sameinuð stór sókn meira vægi, er sterkari eining og hefur öflugari rödd út á við.

Handwritten notes and signatures in the bottom right corner, including initials and names such as G.P.C.B., HI, SH., G.P.R., SH.M., L.P.S., and P.S.